

LISTIR

Antonio Hervás Amezcua, listamaður frá Spáni, sýnir verk sín á Kjarvalsstöðum þessa dagana. Súsanna Svavarsdóttir ræddi við hann um tengsl hans við Ísland og samruna myndlistar og ljóðlistar á sýningunni á Kjarvalsstöðum.

Dreymsdi Ísland ítrekað og málaði það

SPÆNSKI listamaðurinn Antonio Hervás Amezcua er staddur hér á landi í tilefni af opnun myndlistarsýningar hans á Kjarvalsstöðum – en hún er liður í barselónskri menningarhelgi sem stendur 20. til 22. febrúar.

Antonio er sérfræðingur í múr- og veggmyndagerð, auk þess að hafa sérhæft sig í málalag og freskugerð. Á síðustu árum hefur gætt áhrifa frá Íslandi í verkum hans, þar sem hann gæðir íslensk mótíf suðrænum litum og setur þau í súrrealískan búning.

Tengsl Antonios við Ísland eiga sér nokkuð sérstæða sögu. Hann kom hingað til lands vegna draums sem hann dreymsdi aftur og aftur: Hann var staddur í landi þar sem reykur steig upp af jörðinni. Antonio gerði sér enga grein fyrir því hvaða land þetta gæti verið – en hann dreymsdi sífellt sama landslagið.

„Ég fór að teikna og mála þetta landslag og fólk fór að spyrja mig hvort ég hefði komið til Íslands, því þetta væri landslag þaðan. Ég hafði aldrei komið til Íslands og vissi nánast ekkert um landið,“ segir Antonio.

Ekki dugðu þó draumarnir til þess að hann legðist í víking norður í átt að íshafinu, heldur hélt hann sínu striki og sýndi í heima-landi sínu, Bandaríkjunum, Brasilíu, Lúxemborg, Þýskalandi, Finnlandi og Ísrael.

Bíltúr sem endaði á Íslandi

Það var eftir sýninguna í síðast-nefnda landinu, árið 1992, sem hann ákvað að fara til Íslands. „Það var svo heitt í Ísrael og það var svo mikill hiti í menningunni þar,“ segir hann, „að ég ákvað að fara til lands sem hefði þveröfug skilyrði.“

Það næsta sem ég gerði var að fara til ræðismanns Íslands í Barselóna til þess að fá upplýsingar og hingað kom ég árið 1993 til þess að ferðast um landið. Ég dvaldi meðal annars um tíma á Akureyri, þar sem ég fékk hús-næði til að vinna og kynntist fjölmörgum listamönnum þar.“

Næsta ferð Antonios til Íslands var stuttu seinna þegar Hafnarfjarðarbær bauð honum að dvelja í listamannabúðinni í Straumi um nokkurra mánaða skeið til að vinna og í kjölfarið hélt hann sýningu í Portinu í Hafnarfirði.

Þegar svo Sigurður Gísli Pálmason tók við stöðu aðalræðismanns Spánar á Íslandi bauð hann Antonio að koma með stóra og glæsilega sýningu til landsins. Hún var haldin í Listhúsinu í Laugardal. En hvað rekur hann til Íslands núna?

„Ég kynntist tveimur konum, Guðrúnu Tulínus og móður hennar, þegar þær dvöldu í Barselóna um tíma. Einn daginn bauð ég þeim í bíltúr og hafði ákveðinn áfangastað í huga til að sýna þeim, en tilviljun réð því að við enduðum hjá vini mínum, ljóðskáldinu Carles Duarte I Montserrat. Hann hafði verið að gefa út ljóðabók og ég sagði við Guðrúnu að hún yrði bara að þýða hana. Og það gerði hún. Bókin kemur hér út í tilefni af barselónsku helginni. Í henni eru ljóðin á fjórum tungumálum, katalónsku, íslensku, spænsku og frönsku, og ég myndskreyti hana.“

Vil upplifa eitthvað sem ég hef ekki upplifað áður

„Hverju ljóði fylgir tilvitnun og þú ræður hvort þú lest tilvitnunina eða ekki – en ef þú gerir það fær ljóðið aðra merkingu. Það er hægt að túlka listaverk frá ýmsum sjónarhornum. Sýningin mín á Kjarvalsstöðum er hengd upp á sama hátt. Við myndirnar hafa ljóðin

verið sett upp og það má segja að þarna sé verið að sýna samruna tveggja listforma, myndlistar og ljóðlistar.“

Fyrir nokkrum árum stofnaði Antonio listamiðstöðina Fundacion í Gava í Barselóna. Meiningin er að hún verði eins konar sam-skriptamiðstöð íslenskra og spænskra listamanna og er nú

unnið í því að fá Ríkharð Valt-ingoer þangað til þess að kenna stáltintu, nýja tækni sem hann hefur verið að þróa. „Ég vil gjarnan koma á sambandi við íslenska listamenn til þess að fá þá til Barselóna til að vinna um tíma,“ segir hann og ólíklegt að það verði miklum vandkvæðum bundið. En, svona í lokin, hvert er

þema sýningarinnar?

„Þema sýningarinnar er það sama og ljóðabókarinnar: Þögnin – túlkun frá ýmsum sjónarhornum. Ég kom ekkert nálægt því sjálfur að hengja upp sýninguna og skipti mér ekkert af því hvernig það er gert.“

Ég er hins vegar mjög hrifinn af þeirri leið sem hefur verið valin,

að hengja upp myndirnar og ljóðin saman.“

Hvers vegna vildirðu ekki skipta þér af því?

„Ég kom hingað til að upplifa eitthvað sem ég hef aldrei upplifað áður – og ef það er eitthvað sem ég hef ekki upplifað áður, þá er það samruni tveggja listgreina.“

VORFERÐIR

FÆREYJAR - HJALTANDEYJAR - NÖREGUR - DANMÖRK

2004

Á ferðalagi með nýju Norrænu sameinast ljúfur ferðamáti, spennandi áfangastaðir og möguleiki á að nýta bílinn á erlendri grundu í sumarfríinu.

NORRÆNA

- GÓÐ ÁSTÆÐA TIL AÐ FERÐAST

<p>Noregur 24.700</p> <p>Verð frá pr. mann m.v. fjögurra manna fjölskyldu og bíl. Siglt til Noregs og til baka. Gist í fjögurra manna klefa (inn).</p> <p>Verð frá kr. 37.500 pr. mann m.v. tvo farþega og bíl. Siglt til Noregs og til baka. Gist í fjögurra manna klefa (inn).</p>	<p>Hjaltlands-eyjar 20.700</p> <p>Verð frá pr. mann m.v. fjögurra manna fjölskyldu og bíl. Siglt til Hjaltlandseyja og til baka. Gist í fjögurra manna klefa (inn).</p> <p>Verð frá kr. 30.300 pr. mann m.v. tvo farþega og bíl. Siglt til Hjaltlandseyja og til baka. Gist í fjögurra manna klefa (inn).</p>	<p>Danmörk 27.625</p> <p>Verð frá pr. mann m.v. fjögurra manna fjölskyldu og bíl. Siglt til Danmerkur og til baka. Gist er í fjögurra manna klefa (inn).</p> <p>Verð frá kr. 41.000 pr. mann m.v. tvo farþega og bíl. Siglt til Danmerkur og til baka. Gist í fjögurra manna klefa (inn).</p>	<p>Færeyjar 9.100</p> <p>Verð frá pr. mann miðað við fjögurra manna fjölskyldu og bíl. Siglt til Færeyja og til baka. Gist er í 4ra manna klefa (inn).</p> <p>Verð frá kr. 12.700 pr. mann m.v. tvo farþega og bíl. Siglt til Færeyja og til baka. Gist í fjögurra manna klefa (inn).</p>	<p>Hótel Føroyjar 36.100</p> <p>Verð frá pr. mann miðað við fjögurra manna fjölskyldu og bíl. Siglt til Færeyja og til baka. Í Norrænu er gist í 4ra manna klefa (inn). Gisting á Hótel Føroyjar í 2ja manna herbergi í 5 nætur.</p> <p>Verð frá kr. 39.700 pr. mann m.v. tvo farþega og bíl. Siglt til Færeyja og til baka. Í Norrænu er gist í fjögurra manna klefa (inn). Gisting á Hótel Føroyjar í 2ja manna herbergi í 5 nætur.</p>
---	--	--	--	--

Verðin gilda einungis fyrir ferðir sem hefjast og enda fyrir lok maí 2004

SMYRIL LINE ÍSLAND
Sætúni 8 • 105 Reykjavík • Sími: 570 8600 • Fax: 552 9450
www.smyril-line.is • email: info@smyril-line.is

NORRÆNA FERÐASKRIFSTOFAN

AUSTFAR
Fjarðargötu 8 • 710 Seyðisfirði • Sími: 472 1111
austfar@isholf.is • www.smyril-line.is